

Öryggi farþega í hóp bifreiðum (framhald rannsóknar frá 2013). VSÓ ráðgöf – September 2018.

Í skýrslu um fyrra verkefnið sem kom út í júní 2013 er greint frá athugunum á öryggi standandi farþega í hóp bifreiðum út frá tölfræði slysa hérlendis, en einnig voru skoðaðar skýrslur og greinar erlendis frá þar sem umferðaröryggi er greint út frá tölfræði slysa eftir mismunandi ferðamátum. Í skýrslunni frá 2013 er út frá þessu ályktað að öruggara sé að sitja í hóp bifreiðum heldur en standa, en einnig var ályktað að öruggara væri að standa í hóp bifreið en að sitja í fólks bifreið.

Sú rannsókn sem hér er greint frá byggir á grunni þeirrar frá 2013 og er tilgangurinn að nýta gögn sem hefur verið safnað til að rannsaka þetta nánar fyrir íslenskar aðstæður. Skoðuð voru gögn frá Strætó bs. og slysa gögn frá Samgöngustofu.

Út frá gögnum Strætó bs. (fyrir árið 2017) er hægt að sjá hversu margir farþegar eru í hverjum vagni hvert sinn og bera það saman við sætafjölda í viðkomandi vagni. Út frá því má meta hvort einhverjir farþegar hafi þurft að standa. Fram kemur að það er mjög sjaldgæft að farþegar standi í vögnum utan höfuðborgarsvæðisins. Það kemur þó fyrir í viku hverri að farþegar standi milli Mosfellsbæjar og Grundarhverfis, en það er vegur með hámarkshraða 90 km/klst.

Þegar slysa gögn eru skoðuð, kemur í ljós að fjölgun hefur orðið á fjölda alvarlega slasaðra og látinna í hóp bifreiðum hefur aukist úr tveimur árið 2013 í 15 árið 2017. Fjöldi lítið slasaðra hefur einnig aukist á sama tíma úr 11 í 53. Hins vegar kemur einnig fram að ekkert alvarlegt slys varð á farþega í strætisvagni á landsbyggðinni á þessu tímabili. Aukningin í tölu alvarlegra slasaðra og látinna (2 í 15) virðist því bundin við aðrar hóp bifreiðar.

Til að bera saman öryggi í hóp bifreiðum og fólks bifreiðum var gerð tilraun til að meta svokallað KSI gildi („killed or seriously injured rate“) út frá eignum farþegakílómetrum, þannig að tekið sé tillit til að í hóp bifreiðum eru yfirleitt fleiri farþegar en í fólksbílum. KSI gildið er lægra fyrir hóp bifreiðar og því dregin sú ályktun að öruggara sé að ferðast í hóp bifreiðum en fólks bifreiðum, sem er samhljóma við fyrri athugun. Þó er hafður sá fyrirvari að úrtakið er lítið og gögn í vissum tilvikum af skornum skammti.